

Ed.

433. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, og lögum nr. 49 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 2. málsgr. laga nr. 49 27. júní 1925 bætist: og Siglufirði.

2. gr.

Á eftir 19. gr. laga nr. 40 19. júní 1922 kemur ný grein, sem verður 20. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að veita þeim mönnum, er skipstjóraréttindi hafa á íslenzku skipi í innanlandssiglingum, allt að 60 rúmlesta, rétt til skipstjórnar á slíku skipi, þótt stærra sé, en þó eigi yfir 150 rúmlestir. Slíkan rétt má þó þeim einum veita, er stýrt hefir skipi í 60 mánuði hið minnsta, enda sanni hann, að honum hafi ekki hlekkzt á í skipstjórn. Ennfremur hafi hann meðmæli forstöðumanns Stýrimannaskólans í Reykjavík, formanns Stýrimannafél. Íslands og hlutaðeigandi skráningarstjóra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra, svo og meginmál laga nr. 49 27. júní 1925 og laga nr. 31. 8. sept. 1931, inn í lög nr. 40 19. júní 1922 og gefa þau út svo breytt.